

verið. Fram yfir miðja þrettánda öld voru engar háskólabýgg-
ingar í París, og var það því eitt aðal vopn nemenda, er þeir
beittu gagnvart yfirvöldunum, að ef þeir fengi ekki öll þau einka-
leyfi og réttarþætur, er þeir kröfðust, flytti þeir vistferlum það-
an, og setti skólann á einhverjum öðrum stað. En til þess að
slíkt kæmi ekki fyrir, kúguðu þeir út hvert konungsbréfið á fæt-
ur öðru til áréttingar málum sínum, þegar í deilur slóst við borg-
arbúa, sem ekki var örsjaldan, því borgarþúar hötuðu fáa meira
en skólalýðinn, er var yfirgangssamur, rángjarn á eigin manna
og svallsamur. Enda náðu þeir sjaldan rétti á honum. Því
allir þeir, er við skólann voru, töldust með kyrkjuaðlinum, og
máttu því einir dæma um öll sín mál, er þeir áttu við bændur og
almúgamenn, og varð það þeim sjaldnast til mikilla vinsælda.—
Stundum brauzt þessi ríður út, er hvorir báru til annars, í blóð-
ugum bardögum, og er slagurinn árið 1200 einn sá eftirminni-
legasti, er lá við, að orsakaði reglulegt borgarstríð. Þá börðust
borgarmenn nærri næturlangt við skólasveina, og var brúkað
flest það að vopnum, er hönd á festi. Mannfall varð þó ekki
mikið, einir 5, sem voru drepnir, þrír háskóla megin, en fjölda
margir voru meiddir og sárir eftir viðureignina. En eins og vant
var, þegar farið var að gjöra um málin, var öllu hallað á borg-
armenn, og með konungs bréfi það ár, voru skólasveinum veitt
enn meiri réttindi en áður. Formönnum borgarmanna var
stranglega hegnt, og fóru skólapiltar fram á, að þeir mættu taka
sjálfir við sökudólgunum og refsa þeim, „húðstýkja þá að lærðra
manna sið.“

Útdráttur úr konungsbréfinu, er snerti refsingu skólapilta,
er á þessa leið:

„Í NAFNI heilagrar þrenningar, Amen. Vér Filippus, fyr-
ir guðs náð konungur Franka etc.

Til verndar nemendum í París bjóðum vér, að ráði þegna
vorra, Parísarborgarmönnum, að sjái nokkur þeirra ójöfnuð í
frammi hafðan gagnvart nemanda eður leikmanni, þá beri sá
hinn sami þess vitni; né skal honum leyfilegt að hlaupa í felur,
að ekki verði hann vitnisbær eður slíks ójafnaðar var. Og komi
það fyrir, að nokkur, utan sá eigi hendur að verja, leggi til nem-